

Starfsáætlun 2014 – 2015
Leikskólinn Grænatún



Leikskólinn
Grænatún

Efnisyfirlit

1.	Um leikskólann	4
	Leikskólinn Grænatún.....	4
1.1.	Gerð leikskóla, húsnæði, lóð. Rými (m ² á barn (heildar-/leikrými/lóð).....	4
1.2.	Námsskrá-stefna-uppeldislegar áherslur-skipulag	4
1.3.	Matsaðferðir.....	4
1.4.	Starfsmannastefna	5
1.5.	Stefna vegna foreldrasamstarfs	5
1.6.	Stoðþjónusta	5
2.	Mat á starfi sl. starfsárs	5
2.1.	Matsaðferðir sl. starfsárs og niðurstöður.....	5
2.2.	Mat á starfsáætlun sl. starfsárs og niðurstöður	6
2.3.	Umbótaáætlun	6
3.	Starfsáætlun næsta leikskólaár	6
3.1.	Uppeldisstarfið	6
3.2.	Deildar	6
	Skessudeild – elsta deild.....	6
	Trölladeild – miðdeild.....	8
	Dvergadeild – yngsta deild	9
3.3.	Ný aðalnámskrá leikskóla	10
3.4.	Menningarviðburðir, ferðir, sýningar, hefðir og hátíðir	11
3.5.	Próunar og nýbreytnistarf	11
3.6.	Mat á starfinu, matsaðferðir	11
3.7.	Kynning á leikskólanum.....	11
4.	Börn	12
4.1.	Fjöldi barna. Aðlögun barna, flutningur milli deilda, útskrift o.fl.	12
5.	Starfsmenn	12
5.1.	Áherslur í samstarfi, s.s. handleiðsla, starfsmannaviðtöl og móttaka nýrra starfsmanna	12
5.2.	Starfsmenn, fjöldi stöðugilda, menntun, sérkennsla, afleysingar, barnsburðarleyfi,	12
	námsleyfi, hreyfing á starfsfólki o.fl.	12
5.3.	Fundir	12
5.4.	Skipulagsdagur/ Námskeiðsdagur	13
5.5.	Endur og símenntunaráætlun fyrir starfsárið.....	13
6.	Foreldrasamstarf	13

6.1.	Áherslur	13
6.2.	Þátttaka foreldra í leikskólastarfinu	13
6.3.	Fræðsla og upplýsingar til foreldra.....	13
6.4.	Foreldraráð og foreldrafélag	14
7.	Samstarf.....	14
7.1.	Samstarf við grunnskóla	14
7.2.	Samstarf við aðra.....	14
7.3.	Nemar.....	14
8.	Öryggismál.....	14
9.	Lokaorð.....	15

1. Um leikskólann

Leikskólinn Grænatún

Leikskólinn Grænatún tók til starfa 11. maí 1984 og byggir stefna leikskólans á kenningum John Dewey „Learning by doing“ að læra með því að framkvæma. Einkunnarorð skólans eru: Leikur og gleði.

Þetta er 3ja deilda leikskóli og býður upp á sveigjanlegan dvalartíma.

Staðsetning er við Fossvogsdal, sem býður upp á fjölbreytni í útiveru og vettvangsferðum. Í vetur líkt og fyrri ár verða 65 börn í skólanum, 17 á Dvergadeild, 23 á Trölladeild og 25 á Skessudeild.

1.1. Gerð leikskóla, húsnæði, lóð. Rými (m² á barn (heildar-/leikrými/lóð)

Skólinn er með þrjár aldurskiptar deildir, Dvergadeild fyrir þau yngstu, Trölladeild er miðdeildin og Skessudeild fyrir elstu börnin.

Fermetrarými húss er 470 m² og lóðar er 2080m²

Leikrými er í allt 320 m² og rými á barn 7m²

Í sumari var skipt um þak á elsta hluta skólans, bætt var hljóðeinangrun á skrifstofu skólastjóra, suðurálma máluð að innan og salernisaðstaða starfsmanna þar endurnýjuð.

Vinna við að setja upp þráðlaust net í skólanum er í vinnslu og von er á tengingu fljótlega og vonandi fáum við þá fleiri spjaldtölvur.

1.2. Námskrá-stefna-uppeldislegar áherslur-skipulag

Leikskólinn tekur mið af og vinnur eftir markmiðum þeim sem lög um leikskóla kveða á um. Helstu áherslur í starfi eru virkt nám barnsins, að barnið læri með því að framkvæma og gera tilraunir sjálf. Leikurinn er þungamiðjan en einnig er rík áhersla lögð á hinar daglegu þarfir. Þá er unnið markvisst með hreyfingu, myndlist, stærðfræði og umhverfismennt.

Dagskipulag

07.30	Leikskólinn opnar
08.00 – 08.45	Morgunverður
08.45 – 12.00	Frjáls leikur, hreyfing, myndlist, hópastarf, samverustund, útivera
12.00 – 13.00	Matur og hvíld
13.00 – 14.30	Leikur/útivera
14.30 – 15.00	Samverustund og síðdegishressing
15.00 – 16.00	Frjáls leikur
16.45	Leikskólinn lokar.

1.3. Matsaðferðir

Þær matsaðferðir sem unnið er með í skólanum eru Eccers-kvarðinn sem tekinn er fyrir annað hvert ár og á móti honum gerir starfsfólk starfsmannamat til að meta samstarf og samskipti alls starfsfólks.

Foreldrakönnun er lögð fyrir annað hvert ár.

Hljóm 2 er íslenskt aldursbundið próftæki í leikjaformi sem kannar hljóðkerfisvitund (hljóð og málvitund) fimm ára barna. Hljóm 2 er lagt fyrir að hausti ár hvert. Niðurstöður geta gefið vísbendingar um gengi lestrarnáms.

EFI-2 er málþroskaskimun sem kannar málskilning og tjáningarfærni barna á fjórða aldursári. Niðurstöður gefa vísbendingar um hvar barnið er stöð í málþroskaferlinu.

Gerd Strand er listi fyrir 4 ára börn en hann gefur skýra mynd af stöðu barns í daglegu starfi hvað varðar samskipti, félagsfærni og almennan skilning.

Íslenski þroskalistinn, er frumsaminn héraendis og staðlaður til að meta mál- og hreyfiþroska þriggja til sex ára barna.

Smábarnalistinn er til að meta þroska barna 15 til 38 mánaða.

Starfsmannasamtöl eru einu sinni á ári og nýtast til mats á starfinu.

1.4. Starfsmannastefna

- Að starfsfólk sé ábyrgt í starfi, sýni hvort öðru virðingu og að starfsgleðin fái að njóta sín.
- Hæfni og þekking hvers og eins starfsmanns sé nýtt sem best og áætlanir séu gerðar út frá þeim forsendum. Uppeldi og menntun leikskólabarnanna er samvinnuverkefni allra starfsmanna í leikskólanum, þar sem leitast er við að skapa börnunum gott, hlýlegt og fræðandi uppeldisumhverfi.
- Að börnin öðlist öryggiskennd og læri af umhverfi sínu.

“Mannauð skal í menntun rækta”

1.5. Stefna vegna foreldrasamstarfs

Góð samvinna foreldra og leikskóla er forsenda fyrir árangursríkri dvöl í leikskólanum og góðri líðan barnsins. Foreldrar bera meginábyrgð á uppeldi barna sinna, en leikskólanám er viðbót við uppeldi foreldra, en er ekki ætlað að koma í stað þess.

Samvinna milli foreldra og leikskóla þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu og opnum samskiptum við báða foreldra. Markmið foreldrasamstarfs er að foreldrar fái sem bestar upplýsingar um þroska og stöðu barnsins í leikskólanum, stuðla að þátttöku foreldra í starfi leikskólans, auka samvinnu og samskipti leikskólans og heimilanna og veita foreldrum upplýsingar um starfsemi skólans.

1.6. Stoðþjónusta

Leikskólastjóri heldur utan um samskipti við þá aðila sem eru með launamál og starfsmannamál í sínum höndum, en allir starfsmenn leikskólans geta sótt upplýsingar, leiðsögn eða ráðgjöf hjá leikskólaskrifstofu, svo og að sérkennslustjórinn hefur bein samskipti við þá sérfræðinga sem leikskólinn þarf á að halda, eins og sálfræðinga, talmeinafræðinga o.s.frv.

Á leikskólaskrifstofu er leikskólafulltrúi til staðar, leikskólaráðgjafi og aðgangur að fagbókasafni og leikfangasafni vegna sérkennslu. Reglulegar heimsóknir eru í leikskólann frá leikskólaskrifstofu.

2. Mat á starfi sl. starfsárs

2.1. Matsaðferðir sl. starfsárs og niðurstöður

Í ár var lögð fyrir starfsfólk, stjórnendakönnun sem kom reglulega vel út. Þar voru leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri metnir saman og í sitthvoru lagi. Þeir þættir sem verið var að kanna voru: Stefnumótun í leikskólanum og starfsumhverfi.

Það sem skoraði hæðst í stefnumótuninni, eða 100% voru þættirnir að stjórnendur stuðla að þátttöku starfsfólks í stefnumótun leikskólans og að ákvarðanir um leikskólastarfið byggja á faglegum forsendum. Lægst var 81%, mér finnst stefna leikskólans vera sýnileg í daglegu starfi.

Það sem skoraði hæðst í starfsumhverfinu, eða 94% var, mér finnst tekið tillit til skoðanna minna og ábendinga um framkvæmd vinnunnar. Lægst var 69%, á síðustu mánuðum hefur mér verið hrósað fyrir vel unnin störf.

Mat á stjórnendum kom vel út þar voru 10 af 14 þáttum sem skoruðu 100%. Lægst fengu þeir fyrir þáttinn að taka vel á málum sem koma upp í leikskólanum, þá fékk leikskólastjóri 87% en aðstoðarstjóri 92%
Heildarniðurstaða könnunarinnar var að leikskólanum er vel stjórnað en 94% töldu að svo væri.

2.2. Mat á starfsáætlun sl. starfsárs og niðurstöður

Vel gekk að fara eftir starfsáætluninni og var lítið um breytingar, helst að þurfti að fresta einhverju ef upp komu mikil veikindi en að öllu jöfnu héldum við rennslinu á skipulega starfinu gangandi. Þar sem ekki var búið að fastsetja deildarfundir voru þeir meira haldnir eftir þörfum og of sjaldan. Minna var um göngur í dalnum þetta árið vegna hálfu en við gátum farið út flesta daga í garðinn þar sem starfsfólkið var mjög iðið við að bera sand á hálkublettina. Athugasemd kom frá foreldri á bleika/blá deginum okkar og tókum við það til greina strax og breyttum deginum í bleikur dagur og annar dagur var blár.

2.3. Umbótaáætlun

Við tókum nokkur börn inn að vori en ákváðum að ekki væri gott að hafa aftur aðlögun í sömu viku og við værum með vorhátíðina.

Sjálfbærni, halda áfram að flokka og gera enn betur, virkja alla á einn eða annan hátt. Numicon stærðfræði innlagn á allar deildir í gegnum leik.

S.l. vetur ætluðum við að vinna markvisst með innlagn í „Tákn með tali“ Einn kennari af hverri deild ætluðu að hittist í upphafi viku og ákveða hvaða vikutákn skal vera hverju sinni en það gekk ekki eftir og ætlum við að skoða það betur svo hægt verði að halda táknum inni. Við fórum lítið í gönguferðir vegna færðar en stefnum að því að gera betur í því og vonumst við til þess að veðurguðirnir verði okkur hliðhollir. Fastsetja deildarfundir á daga til að þeir falli ekki niður.

3. Starfsáætlun næsta leikskólaár

3.1. Uppeldisstarfið

Námskrá leikskólans byggðist upp á námsviðum þeim sem eru undirstaða að námi barnanna. Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning. Sérstök áhersla var lögð á samvinnu milli deilda, t.d. hefur Trölladeild boðið hinum deildunum að koma og sjá skuggaleikrit og sama á við um Skessudeild.

Auk þess er alltaf þessi sameiginlega söngstund á föstudögum, við förum öll saman í lautarferð, syngjum saman úti við á degi leikskólans og fleira. Í leikskólanum er lögð áhersla á hreyfingu, stærðfræði, myndsköpun, málörvun, hópastarf og umhverfismennt auk þess sem við leggjum áherslu á hollan og góðan mat.

Við ætlum að taka þátt í þróunarverkefni í Kópavogi þar sem flestir leikskólar bæjarins taka þátt í verkefninu um Sjálfbærni og vísindi og móta það að sínum skóla. Okkar verkefni heitir „Grænatún á grænni grein“ og ætlum við að gera starfsfólk og börn meðvituð um umhverfisvernd. Með því að flokka og nýta betur verðlaust efni, einnig að spara vatn og orku. Á afmæli Kópavogs í maí verður afrakstur verkefnanna til sýnis.

3.2. Deildar

Skessudeild – elsta deild

Í vetur eru 25 börn á Skessudeild. Börn fædd 2009 eru 11, 5 stúlkur og 6 drengir. Börn fædd 2010 eru 14, 8 stúlkur og 6 drengir.

Þema leikskólans

Leikur og gleði er yfirskrift leikskólans og er haft að leiðarljósi í öllu starfi leikskólans.

Sérstakar áherslur

Að hafa virkni og áhugahvöt barnsins í fyrirrúmi og að frumkvæði og sjálfstæði þess sé örvað í starfi og leik. Þau eru hvött til að leysa sín mál sjálf með því að ræða við hvort annað og sýna hvort öðru tillitsemi og virðingu. Við leggjum áherslu á jóga t.d. með því að gefa nudd eftir leikfimisstund og hádegismat og börnin hjálpa líka við að nudda hvort annað, þannig læra þau hvað er eðlileg snerting.

Í vetur erum við að taka Sjálfbærni og vísindi inn í starfið þar sem við ætlum að leggja meiri áherslu á að flokka og nýta betur verðlaust efni og spara orku og vatn. Markmiðið er að starfsfólk og börn verði meðvitaðri um umhverfisvernd. Við ætlum að setja upp flokkunarkassa og ílát þar sem auðvelt er fyrir börnin að setja í og flokka.

Hópastarf

Í vetur höldum við áfram með lotuvinnu þar sem unnið verður í lotum ca. 4-5 vikur fyrir og eftir áramót með stærðfræði og íslensku. Í hverjum hóp verða 5-6 börn, 2svar í viku. Í september og janúar verður unnið með stærðfræðilotu þar sem lögð er áhersla á að börnin læri ýmis stöðuhugtök og átti sig á rými, fjarlægðum og áttum og börnin hvött til að færa rök fyrir máli sínu. Erum að fara að taka inn Numicon stærðfræðikubba. Námið fer fram í leik, er fléttað inn í daglegt líf og umhverfi. Áhersla er á lausnaleit, verkefni sem reyna á rökhusun og að hvetja börnin til að tjá sig, hugsa lausnir og geta sagt frá þeim.

Í október og febrúar verður íslenskulota þar sem aðalmarkmiðið er að auka orðaforða, efla málsskilning og örva skýran framburð, undirbúa börnin fyrir lestrarnám og vinna forvarnarstarf gegn lestrarörðugleikum. Áhersla verður lögð á að barnið fái að tjá hugsanir sínar og tilfinningar og færa rök fyrir máli sínu. Hljóm-2 verður lagt fyrir elstu börnin í september en það er próf sem að kannar mál- og hljóðkerfisvitund.

Könnunaraðferðin

Við tökum fyrir Könnunaraðferðina á vorönn og er misjafnt hvort börnin velji viðfangsefnið eða kennarar. Markmiðið með aðferðinni er að auka þekkingu barnanna á viðfangsefninu og að þau öðlist færni í að koma sínum hugsunum og tilfinngum á framfæri. Í lok vinnunar er haldin kynning á viðfangsefninu og þar fá börnin reynslu í að tjá sig fyrir framan hóp, yngri börnin kynna sitt verkefni fyrir öðrum börnum á leikskólanum en eldri börnin bjóða foreldrum sínum á kynningu.

Myndlist

Börnin fara einu sinni í viku í myndlist til myndlistarkennara. Þar er lögð áhersla á að börnin noti fjölbreyttan efnivið og áhöld og að þjálfa samhæfingu augna og handa. Viðfangsefni í myndlist tengjast lotuvinnu. Börnin hafa aðgang að verðlausu efni, litum, pappír og skærum inn á deild.

Hreyfing

Öll börn fara einu sinni í viku í skipulagða tíma, sem ýmist fara fram í salnum eða í vettvangsferð út í náttúruna sem að tengist lotuvinnunni. Markmið hreyfingar er að örva hreyfipörf barna og að þau læri að þekkja og skynja líkama sinn og getu.

Útivera

Farið er oftast tvisvar út yfir daginn og í gönguferðir sem að tengjast lotuvinnu.

Trölladeild – miðdeild

Í vetur eru 23 börn á Trölladeildinni. Börnin eru öll fædd árið 2011 og eru því 3 ára. Í Grænatúni er þema leikskólans leikur og gleði og reynum við að hafa það til hliðsjónar í öllu sem við gerum.

Hópastarf

Í vetur komum við til með að vinna með stærðfræði og notumst mikið við Numicon. Einnig ætlum að vinna með árstíðirnar í hópavinnu og verður stærfræðinni fléttað inn í verkefni tengdum þeim. Þar sem leikskólinn er staðsettur við Fossvogsdalinn komum við til með að nota hann mikið.

Leikfimi/hreyfing

Öll börnin fara í leikfimi einu sinni í viku. Hópnum er skipt upp í 2 hópa. Börnin ásamt kennurum fara í salinn þar sem farið er í ýmsa leiki og settar upp skipulagðar stöðvar. Að auki er farið í kraftgöngu í dalinn. Tímarnir í salnum eru byggðir upp þannig að í byrjun er upphitun með leikjum, svo stöðvaþjálfun eða aðrir leikir og að lokum er slökun og teygjur.

Markmið

- Að örva hreyfiþörf barnanna
- Að þau læri að skynja og þekkja líkama sinn

Myndlist

Einu sinni í viku er farið í myndlist. Þar er börnunum kynntar ýmsar aðferðir í myndlistinni. Einnig hafa börnin alltaf aðgang að fjölbreyttum efnivið inni á deild. Þessar stundir fara allar fram undir leiðsögn kennara.

Markmið:

- Að börn tjái sig með myndmáli
- Æfa samhæfingu augna og handar

Málrækt

Börnunum skipt í lestrarhópa þar sem hver hópur fær sögu við sitt hæfi. Einnig fléttast málræktin í gegnum allt leikskólaskið, m.a. í matartímum og í fataherberginu þegar farið er út. Unnið er í gegnum leikinn og lögð áhersla á að börnin tjái sig um hugsanir sínar og líðan.

Útivera

Farið er út að minnsta kosti einu sinni á dag. Útivera býður upp á mikla hreyfingu og er góð leið til ýmis konar náms. Markmið hennar er að börnin geti hreyft sig frjálst og óhindrað, kynnst náttúrunni og árstíðarskiptum.

Lestur og tónlist

Á hverjum degi er lesið og sungið í samverustundum og unnið að því að kenna börnunum nýja söngva og fleira, auk þess sem sameiginleg söngstund allra deilda er á hverjum föstudegi og þá skiptast deildarnar á að vera með skemmtiatriði þar sem börnin byrja að læra að koma fram.

Á Trölladeildinni vinnum við mikið með myndrænt skipulag og notum einnig tákni með tali. Við kynnum dagskipulagið fyrir öllum börnunum á myndrænan hátt og geta þau gengið að því á hverjum degi.

Að öðlast öryggi

Að byrja í leikskóla er stórt skref bæði fyrir barn og foreldra þess. Þar er að finna ókunnugt fólk og umhverfi. Flestir Foreldrar eru kvíðnir yfir því hvernig barninu farnist við upphaf skólagöngunnar. Nauðsynlegt er að draga úr þeim kvíða m.a. með því að leggja áherslu á að í leikskólanum eru þarfir barnsins í fyrirrúmi og að því líði sem best. Því er mjög mikilvægt að vanda til aðlögunar barnsins í upphafi leikskólagöngu. Við leggjum áherslu á að hafa rólegt og notalegt andrúmsloft á deildinni þar sem öllum líður vel.

Dvergadeild – yngsta deild

Veturinn 2014-2015 verða 17 börn á Dvergadeild, 13 börn fædd 2012, 5 stelpur og 8 strákar. 4 börn fædd 2013, 3 stelpur og 1 strákur.

Leikur og gleði

Leikurinn er hornsteinn leikskólustarfsins, hann er kennsluáferð leikskólakennarans og námsleið barnsins. Í bernsku er það að leika sér það sama og að læra og afla sér þekkingar. Hinn frjálsi og sjálfsprottni leikur barnsins er talinn “leikur leikjanna”. Í frjálsum leik er barnið að skapa leikinn úr eigin hugarheimi, það tekur ákvarðanir á eigin forsendum og lærir að leita lausna. Í leik er barnið einbeitt og það er upptekið af augnablikinu. Fjölbætt upplifun elur af sér þekkingu, nýjar tilfinningar, nýjar athafnir og leikni. Á Dvergadeild er leikurinn, hinn frjálsi og sjálfsprottni leikur, kjarninn í öllu starfi og er honum gefinn góður tími. Leikurinn er lífstjani barnsins og í gegnum hann virkja börn reynslu sína og áhuga.

Að öðlast öryggi

Að byrja í leikskóla er stórt skref bæði fyrir barn og foreldra þess. Þar er að finna ókunnugt fólk og umhverfi. Flestir Foreldrar eru kvíðnir yfir því hvernig barninu farnist við upphaf skólagöngunnar. Nauðsynlegt er að draga úr þeim kvíða m.a. með því að leggja áherslu á að í leikskólanum eru þarfir barnsins í fyrirrúmi og að því líði sem best. Því er mjög mikilvægt að vanda til aðlögunar barnsins í upphafi leikskólagöngu. Okkar reynsla á Dvergadeild er að á yngstu deildinni stendur aðlögunartímabilið frá hausti fram að áramótum. Frá því að barnið sættist á að kveðja foreldri sitt í að verða öruggur einstaklingur og finna sig á heimavelli á deildinni. Við leggjum áherslu á að hafa rólegt og notalegt andrúmsloft á deildinni þar sem öllum líður vel.

Hinar daglegu venjur

Á yngstu deildinni fer mikill tími í hinar daglegu venjur þar sem börn á þessum aldri eru að ná tökum á líkama sínum. Þau eru að öðlast færni í að borða sjálf, klæða sig í og úr og að fara á kopp eða salerni. Í þessum stundum er oft gott að nálgast barnið á forsendum þess þar sem gefst kjörið tækifæri á notalegri samverustund og frekara námi t.d.málörvun. Daglegar venjur setja uppeldisstarfið í ákveðinn ramma sem skapar öryggi og festu í lífi barnanna í leikskólanum.

Hópastarf

Börnin fara í hópastarf einu sinni í viku og er þeim skipt niður í fjóra hópa, fjögur til fimm í hverjum hóp. Það er alltaf sami starfsmaður sem fylgir hverjum hóp yfir veturinn. Í hópastarfi erum við að gera ýmislegt, t.d. myndlist, frjáls leikur, spila, „ég sjálfur og fjölskyldan mín“ og fleira. Hópastarf á yngstu deild miðar að því að gera börnin færari í því að vera saman/vinna saman í litlum hóp og eiga notalega stund.

Könnunarleikur

Könnunarleikur er leikur þar sem börnin geta fengið útrás fyrir meðfædda forvitni og notað hæfileikann til að einbeita sér í öruggu umhverfi í hópi allt að sex börnum og einum fullorðnum, hjá okkur eru fjögur til fimm börn í hóp. Efniviðurinn er ekki hin hefðbundnu leikföng, heldur óhefðbundið leikefni, sem við getum safnað í okkar nánasta umhverfi. Þessa ólíku hluti má nota á margvíslegan hátt, fylla, tæma, setja saman, velja og hafna, finna hvað er líkt og ólíkt, stafla hlutum og láta þá halda jafnvægi, stundum tekst það, stundum ekki en alltaf er stefnt að settu marki.

Börnin fara í könnunarleik einu sinni í viku, líkt í hópastarfinu og halda þar sér sömu hópar og starfsmaður.

Útivera

Börnin fara í útiveru að minnsta kosti einu sinni á dag. Útivera býður upp á góða hreyfingu og er mikilvægur þáttur í leikskólauppeldi. Útivera er börnum holl, styrkir og eflir, eykur mótstöðuafli og matarlyst. Í útiverunni gefast ótal tækifæri til náms, t.d. um náttúruna og veðrið.

Samverustundir

Í samverustundum eru lesnar sögur, sungið, farið í leiki og rætt saman. Samverustundir gegna mikilvægu hlutverki fyrir félags- og málþroska barnanna, þau tjá sig og læra að hlusta á aðra. Börnin fara í samverustund tvisvar til þrisvar á dag.

Samstarf deilda

Sameiginleg söngstund allra deilda er í sal einu sinni í viku, skiptast deildirnar á að ákveða söngdagskrá. Einu sinni í mánuði er *flæði*, þá mega börnin flakka á milli deilda og kynnst öðrum börnum og nýjum efnivið.

Hreyfing/leikfimi

Börnin fara öll í skipulagða tíma í leikfimi einu sinni í viku, þeim er skipt í tvo hópa: yngri og eldri. Hóparnir skiptast á því að fara í leikfimi inni í sal eða í gönguferð niður í Fossvogsdal. Með hvorum hóp fylgja tveir til þrjú starfsmenn. Í leikfiminni sem er inni í sal er ýmist sett upp þrautabraut eða farið í hreyfileiki, en allir tímar enda á slökun. Hreyfingin eykur styrk, úthald og þor barnanna, stuðlar einnig að betra jafnvægi og aukinni færni.

Aðlögun

Aðlögun barns er einn þáttur í uppeldisstarfinu og skiptir miklu máli fyrir líðan barnsins hvernig til tekst. Að byrja í leikskóla er ný reynsla, allt er framandi og ókunnugt og því er mikilvægt að vel sé staðið að málum. Áður en barn byrjar í leikskólanum eru foreldrar boðaðir í viðtal til leikskólastjóra. Aðlögun tekur u.þ.b. viku. Deildarstjórar skipuleggja aðlögun í samstarfi við starfsfólk deildarinnar. Starfsfólk sér yfirleitt um aðlögun þegar barn færir milli deilda. Foreldrum er velkomið að fylgja barni sínu á milli deilda ef þeir óska þess því er lagður góður grunnur að framtíðinni. Markmiðið er að efla öryggiskenn og vellíðan barnsins og foreldra þess í framandi aðstæðum og stuðla að gagnkvæmum kynnum á milli fjölskyldu barnsins og leikskólans, mikilvægt er að báðir foreldrar taki þátt í aðlöguninni. Aðal aðlögunartími Dvergadeildar verður í ágúst.

3.3. Ný aðalnámskrá leikskóla

Samkvæmt nýrri aðalnámskrá leikskóla eru ný námsvið í leikskólum og eiga þessi námsvið að vera samþætt og samofin öllu starfi leikskóla. Börn læra í leik og daglegu

starfi í leikskólanum, innan dyra sem utan. Þau læra í samvinnu við önnur börn og þegar þau fá stuðning og hvatningu frá hinum fullorðnu. Hver leikskóli hefur þrjú ár til að endurskoða skólastarfið og flétta þessum námsviðum inn í daglegt starf. Námsviðin byggjast á skapandi og gagnrýninni hugsun og tengjast leik og daglegum athöfnum í leikskólum.

Námsviðin eru:

- Læsi og samskipti
- Heilbrigði og vellíðan
- Sjálfbærni og vísindi
- Sköpun og menning

Við höfum verið í vinnu við gerð nýrrar skólanámskrár og verður þeirri vinnu haldið áfram á árinu og er áætlað að gefa hana út í vor.

3.4. Menningarviðburðir, ferðir, sýningar, hefðir og hátíðir

Á hverju skólaári eru ákveðnir viðburðir sem eru haldnir árstíðabundið. Má þar nefna þorrablot sem haldið er á hefðbundinn máta þ.e. þorramatur, söngur og gleði, helgileikur í desember sem öll börn leikskólans taka þátt í, vorsýning í maí með sýningu á verkum barnanna eftir veturinn. Við höfum farið reglulega í leikhús og á náttúrufræðistofu Kópavogs. Elstu börnin fara ár hvert í útskriftarferð, í janúar er ávallt draugabema og fara börnin á milli deilda að sjá sýningar í þeim anda. Dagur leikskólans 6.febrúar er hafður í heiðri með söng útivið snemma að morgni og við hátíðlega stemmningu.

3.5. Þróunar og nýbreytnistarf

Allan ársins hring er leikskólinn í þróun. Haldið er áfram með “samvinna á milli deilda” og einu sinni í mánuði opnum við allar deildir þar sem börnin hafa val um hvar þau eru hér innan dyra. Þetta hefur verið skemmtileg tilbreyting og mun vera áfram.

Einnig höfum við tekið upp markvisst að heimsækja hvert annað, bjóða á sýningar og fleira. Ekki má gleyma sameiginlegri sýningu deilda á helgileik í desembermánuði, en það er árviss viðburður sem allir gleðjast yfir.

Elsta deildin vinnur markvisst með námsefnin í svokallaðri lotuvinnu þar sem tekið er fyrir námsefni einn mánuð í senn eins og t.d. stærðfræði, málörvun og fleira.

3.6. Mat á starfinu, matsaðferðir

Á árinu er áætlað að starfsfólk geri starfsmannamat. Þar svarar hver starfsmaður fyrir sig og tekin er niðurstaða í heild, hver deild og allur skólinn. Þar skoðum við okkur sjálf og metum, faglega starfið, samskipti og stjórnunina.

3.7. Kynning á leikskólanum

Í byrjun októbermánaðar er haldinn foreldrafundur þar sem foreldrum er kynnt starfsemi leikskólans og þar fá þeir tækifæri til að spjalla við starfsfólk og kynna sér nánar starfsemina og dagskrá næsta skólaárs. Helstu upplýsingar um leikskólann liggja frammi hjá leikskóladeild bæjarins. Þá hefur aukist að fólk leiti eftir upplýsingum beint í leikskólann og fólki gefst kostur á að skoða leikskólann og fræðast um starfsemina hjá okkur.

4. Börn

4.1. Fjöldi barna, Aðlögun barna, flutningur milli deilda, útskrift o.fl.

Á leikskólanum eru 65 börn. Á haustin fer fram flutningur barna á milli deilda og fara þá alltaf nokkur saman, þessi aðlögun tekur nokkra daga og er eingöngu í höndum starfsfólks. Aðlögun nýrra barna tekur 5 daga og eru foreldrar með í byrjun en svo minnkar viðvera þeirra hægt og rólega. Elsti árgangurinn útskrifast í maí, áður en börnin fara að byrja sumarfrí. Þau fá öll viðurkenningarskjal, myndir úr starfinu og haldin er útskriftar athöfn sem foreldrar eru boðnir í. Þar að auki er útskriftarferð, þar sem börnin fara með kennurunum í dagsferð og farið er í leiki, grillað og fleira.

5. Starfsmenn

5.1. Áherslur í samstarfi, s.s. handleiðsla, starfsmannaviðtöl og móttaka nýrra starfsmanna

Samstarf starfsfólks milli deilda og annarra verða með svipuðum hætti þetta skólaárið. Eins og það síðasta þar sem deildunum var skipt eftir aldri. Handleiðsla og starfsmanna viðtöl voru ekki fastur liður í starfseminni, heldur voru viðtölin eftir því sem starfsmenn og leikskólastjóri óskuðu eftir. Viljum koma þessu í fastara form og hafa starfsmannasamtöl árlega.

Við móttöku nýrra starfsmanna veitir leikskólastjóri viðtal og leiðsögn um starfsemi leikskólans, afhendir gögn og fer í gegnum Starfsmannahandbók sem til er hér í leikskólanum með helstu upplýsingum fyrir starfsmenn. Síðan er það í hendi deildarstjóra hvernig leiðbeiningin fer fram inni á deildinni. Til að halda okkur við ramma starfsmannastefnu okkar höfum við hist reglulega á deildarstjórafundum.

Fagfundir og starfsmannafundir hafa ekki verið nægilega reglulega en þar er rætt um starfsemina, hvað er gott og hvað má gera betur, en við höfum fundið sárlega fyrir niðurskurðinum á starfsmannafundum, þeir eru mjög nauðsynlegir fyrir starfsemina. Aðalatriðið er að vera meðvitaður og vakandi yfir því hvað við erum gera, hvert stefnum við og eru allir með svipaða sýn á markmiðum skólans?

Handleiðsla hefur verið í höndum leikskólafulltrúa á skrifstofu leikskólamála.

Leikskólastjóri fer reglulega í handleiðsluhóp leikskólastjóra. Starfsmannasamtöl fara fram á vorin og eru í höndum leikskólastjóra. Móttaka nýrra starfsmanna er í höndum leikskólastjóra, sem kynnir starfsemi leikskólans, áherslur og stefnu, ásamt lögum og reglugerðum. Nýir starfsmenn þurfa alltaf að undirrita drengskaparloforð um þagnarheit. Auk þessa fá nýir starfsmenn kynningu á öryggismálum skólans.

5.2. Starfsmenn, fjöldi stöðugilda, menntun, sérkennsla, afleysingar, barnsburðarleyfi, námsleyfi, hreyfing á starfsfólki o.fl.

Nú eru tveir starfsmenn í fæðingarorlofi og fer einn til viðbótar í byrjun næsta árs. Því miður hafa verið nokkrar mannabreytingar hjá okkur en við höfum fengið frábært fólk í þeirra stað. Fjöldi starfsfólks þetta skólaárið er 23, stöðugildin eru 19,06 og eru leikskólakennarar í 6,18 stöðugildum og annað fagfólk í 4,48 stöðugildum.

Sérkennslu þetta skólaár fá 6 börn í 1. og 2 flokki - 2.62 stöðugildi og síðan eru 0.625 stöðugildi fyrir 3. og 4. flokk. Afleysingar eru inni í heildar stöðugildunum.

5.3. Fundir

Leikskólastjórafundir eru að jafnaði haldnir einu sinni í mánuði. Á leikskólanum höldum við vikulega deildarstjórafundir. Deildarfundir er haldnir 1 í mánuði á vinnutíma eins og annað og þá líka á skipulagsdögum þar sem því er við komið. Fagfundir leikskólakennara í

leikskólanum eru yfir veturinn. Starfsmannafundur er einn á ári og er notaður í deildar og skipulagsmál.

5.4. Skipulagsdagar/ Námskeiðsdagur

Þetta skólaár verða skipulagsdagar miðaðir við skipulagsdaga gunnskóla hverfisins eins og undanfarin ár að undanskildum þremur dögum sem við sóttum um breytingu á. Þeir verða sex þetta árið vegna auka dags til að vinna að nýrri námskrá leikskólans. Dagarnir verða sem hér segir :

- 01. september 2014,
- 10. október 2014,
- 17. nóvember 2014,
- 02. janúar 2015,
- 13. mars 2015,
- 24. apríl 2015.

Námskeið verða haldin einhverja þessara daga og þá fengnir fyrirlesarar í skólann með efni sem hentar starfinu hverju sinni.

5.5. Endur og símenntunaráætlun fyrir starfsárið

Þess er gætt að allt starfsfólk geti sótt þau námskeið er því er ætlað yfir skólaárið. Vissulega þarf þó hver og einn starfsmaður að vera vakandi yfir því sjálfur, þ.e. hvaða námskeiðum hann hefur áhuga á og hvort staðan í húsinu býður upp á að svo og svo margir fari á ákveðið námskeið. En þetta hefur gengið ágætlega og fólk verið mjög ánægt með þetta.

6. Foreldrasamstarf

6.1. Áherslur

Áherslan er sú sama og hefur alltaf verið að eiga gott og náið samstarf við foreldra og hlusta á þeirra óskir og skoðanir.

6.2. Þátttaka foreldra í leikskólastarfinu

Þátttaka foreldra er í gegnum samtarf foreldrafélags, foreldraráðs og leikskólans. Foreldrum er alltaf velkomið að koma og fylgjast með starfinu, auk þess er boðið reglulega á ýmsa viðburði svo sem helgileik í desember, vorsýningu í maí og fleira.

6.3. Fræðsla og upplýsingar til foreldra

Foreldrasamstarf, samstarf, fræðsla og upplýsingar, s.s. fundir, viðtöl, kynningarrit og fréttabréf.

Samstarf við foreldrafélag leikskólans hefur gengið mjög vel. Félagið hefur styrkt leikskólann með ýmsum hætti, greitt rútuferðir, haldið sumarhátíð og séð um jólaball. Sameiginlegur haustfundur foreldrafélagsins og leikskólans er í byrjun október ár hvert. Foreldrar mæta síðan í viðtöl vegna barna sinna einu sinni á ári og eru það deildarstjórar/leikskólakennarar sem sjá um þau viðtöl. Foreldrar hafa greiðan aðgang að deildarstjórum og leikskólastjóra ef þess þarf.

Gefið er út jólafréttabréf á skólaárinu. Heimasíða leikskólans virðist vera notuð töluvert af foreldrum og er hún yfirfarin reglulega með upplýsingum frá leikskólanum og myndum úr starfinu. Þar koma fréttabréfin fram og þær skýrslur sem skólinn sendir frá sér.

6.4. Foreldraráð og foreldrafélag

Foreldrar barnanna hafa verið og eru vakandi yfir innra starfi skólans og er það vel. Það er auðvelt að leita til þeirra ef á þarf að halda. Þeir halda utan um sveitaferð að vori og eru með sérstakan hátíðardag rétt fyrir sumarfrí ár hvert auk þess að jólaball fyrir börn og foreldra er haldið árvisst í byrjun desember.

Samskipti ganga vel frá degi til dags og allir fá viðtal við sína deildarstjóra þegar um það er beðið. Foreldrar eru ætíð velkomnir til að taka þátt í starfi skólans og eru söngstundir á föstudögum oft heimsóttar. Það er mjög mikilvægt fyrir skólastarfið að samskipti starfsfólks og foreldra sé sem eðlilegast.

Foreldrafélagið kys sér foreldraráð sem fer fyrir félaginu á þann hátt að gæta hagsmuna foreldra og barna, að farið sé að lögum og reglum í starfinu og að hafa yfirsýn yfir rekstrarmálin og hittast þau reglulega yfir veturinn. Kosið er á fyrsta foreldrafundinum að hausti og eru 1 fulltrúi af hverri deild sem sitja í þessu ráði. Foreldrafélagið velur einnig fólk í stjórn foreldrafélagsins, en allir ganga sjálfkrafa í félagið er barnið þeirra byrjar á leikskólanum, fólk getur þó ákveðið að vera ekki með. Stjórn foreldrafélagsins heldur utan um skipulagða viðburði sem foreldrafélagið stendur fyrir og sér um fjármál félagsins. Leikskólakennari við leikskólann er tengiliður við þetta ráð og situr fundi þeirra. Þá hefur félagið styrkt skólann með ýmsum hætti.

7. Samstarf

7.1. Samstarf við grunnskóla

Samstarf við hverfissskólann Snælandsskóla hefur gengið mjög vel síðustu ár og gert er ráð fyrir að svo verði áfram. Leikskólakennarar elstu barnanna og leikskólastjóri hitta kennara 1. bekkja að hausti og skipuleggja samstarfið. Skólarnir eru heimsóttir til skiptis yfir veturinn. Foreldrar fylgja börnum sínum í kynningu á skólanum á vorin.

7.2. Samstarf við aðra

Sálfræðingur og talkennari eru í hlutastarfi við leikskólana og sinna ráðgjöf fyrir starfsfólk. Einnig er hægt að fá aðra sérfræðinga í skólann sem starfa samkvæmt samningum við Kópavogsbæ. Þá er og einnig samstarf við aðra bæjarstarfsmenn er sjá um viðhald á húsnæði og leiksvæði. Leikskólar Kópavogs heyra undir Leikskólanefnd og í þeirri nefnd eiga starfsmenn leikskóla og leikskólastjórar sína áheyrnarfulltrúa og geta komið sínum málum á framfæri þar ef þurfa þykir.

7.3. Nemar

Ekki er áætlað að fá nema hingað þetta árið.

8. Öryggismál

Leikskólinn er vaktaður af öryggismiðstöð, sem bregst við brunavörnum og ef reynt er að brjótast inn. Fylgst er með að brunavarnir séu í lagi og við höfum viðbragsáætlun ef eldur kemur upp. Sama á við um slys, þá er ákveðin viðbragsáætlun sem fólk vinnur eftri. Í leikskólanum eru tveir öryggistrúnaðarmenn sem fylgjast með að farið sé að öllum öryggiskröfum og eru í samstarfi við vinnueftirlit ríkisins.

9. Lokaorð

Eins og fram kemur í þessari skýrslu hefur starfið á leikskólanum gengið vel, enda starfsandi afar góður og samstarf við foreldra með miklum ágætum. Starfsfólk Grænatúns hefur lagt sig fram við að efla þróunarstarf og brydda upp á nýbreytni í starfi skólans t.d. með Numicon stærðfræðigögnunum og umhverfismennt. Þar viljum við gera enn betur og er sú vinna strax byrjuð að þróast.

Starfsfólk hefur orð á því að vanti tíma til samráðs en því miður mun það reynast okkur erfitt þar sem fundir starfsmanna eftir að skóla lýkur hafa að mestu verið felldir niður en áður voru 10 fundir á ári. Nú, þegar komin er reynsla á þessum niðurskurði er ljóst að þörf er á leiðréttingu hið fyrsta. Á þessu þarf að ráða bót.

Ásta Kristín Valgarðsdóttir, leikskólastjóri
Guðrún Sæmundsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri